

Ed.

764. Frumvarp til laga

[414. mál]

um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Viðey í Kollafirði, þ. m. t. hvers kyns mannvirki. Afhendingin er bundin því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem eru á eyrni og afhentar eru. Skal sú verndun á hverjum tíma vera í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

2. gr.

Reykjavíkurborg er óheimilt að selja þennan eignarhluta eða láta hann af hendi nema til ríkisins. Hætti Reykjavíkurborg að annast eignarhlutann á þann hátt sem 1. gr. mælir fyrir um fellur hann undir ríkið að nýju endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilfni frumvarps þessa er 200 ára afmælishátíð Reykjavíkurborgar á þessu ári en hinn 18. ágúst n. k. verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar, en þar dvaldi Skúli Magnússon landfógeti lengst af. Skúli valdi „Innréttingum“ sínum stað í „Hólminum“ eins og Reykjavík kallaðist þá um miðbik 18. aldar, en með þeim varð fyrsti vísir að kaптúnsmyndun í Reykjavík.

Þykir vel við hæfi á svo merktum tímamótum að ríkið afhendi Reykjavíkurborg eignarhluta sinn í Viðey að gjöf, enda eru uppi hugmyndir um það í borgarstjórn að gera eyrna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Á eyrni eru merkar minjar, m. a. Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja sem eru á fornleifaskrá. Gert er ráð fyrir að verndun sú sem stofnast með skráningu í fornleifaskrá skv. þjóðminjalögum haldi gildi sínu.